




ÁRSSKÝRSLA

Árið 2024



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns.....	2
Inngangur	4
Um Fjölmennt	5
1. Starfsemin á höfuðborgarsvæðinu.....	5
Fjármál, styrkir og samstarfsverkefni	6
Starfsfólk	6
Starfstími	8
Fræðsla starfsfólks	9
Námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi.....	9
Kennslustaðir Fjölmenntar og samstarfsaðila á höfuðborgarsvæðinu	10
Kynningarmál.....	10
2. Samstarf Fjölmenntar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Vinnumálastofnunnar ...	11
3. Endurskoðun framhaldsfræðslulaga.....	12
4. Starfsemi ráðgjafardeildar	13
5. Samstarf við símenntunarstöðvar	14
Lokaorð	16

Ávarp stjórnarformanns

Hlutverk Fjölmenntar er að bjóða fólki með þroskahömlun upp á menntun við hæfi ólíkra einstaklinga með mismunandi óskir og þarfir. Með þeim hætti stuðlum við að auknu sjálfstæði, valdeflingu og lífsgæðum einstaklinga með þroskahömlun. Það að eiga aðgang að menntun við hæfi á öllum aldursskeiðum lífsins er hluti af grundvallar mannréttindum hvers manns og mikilvægur liður í að þroskast sem manneskja og lifa innihaldsríku lífi.

Starfið í Fjölmennt hefur verið fjölbreytt að vanda sl. starfsár. Starfsfólk leggur sig fram um að bjóða upp á fjölbreytt úrval námskeiða svo sem flestir fái nám í samræmi við óskir sínar. Mikil

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

gróska og þróun hefur verið í námskeiðshaldi og stöðugt verið að endurskoða námsframboð. Þessi fagmennska og fjölbreytni er grunnur hins góða starfs sem Fjölmennt stendur fyrir. Fjölmennt hefur á að skipa öflugum fagfólki. Nokkrar breytingar hafa orðið í starfsmannahópnum á síðasta starfsári. Reynslumiklir kennarar hafa látið af störfum og skörð þeirra verið fyllt af nýju áhugasömu fólki sem tekið hefur við keflinu á farsælan hátt. Starfsfólki eru færðar þakkir fyrir þeirra öfluga og góða starf.

Á síðasta starfsári urðu þau tíðindi að Helga Gísladóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri Fjölmenntar eftir langt og farsælt starf. Við þökkum henni fyrir hennar óeigingjarna og mikla starf í þágu Fjölmenntar og erum þakklát fyrir að hún hefur viljað starfa áfram hjá Fjölmennt við ýmis verkefni þó formleg starfslok hafi átt sér stað. Oddbergur Eiríksson tók við sem forstöðumaður á starfsárinu og hefur samstarfið við hann gengið mjög vel.

Nokkrar sviptingar hafa orðið á hinu pólitíska sviði í vetur og fellur starfsemi Fjölmenntar nú undir mennta- og barnamálaráðuneyti. Við bjóðum Guðmund Inga Kristinsson ráðherra velkominn til starfa og vonumst eftir góðu samstarfi við hann og ráðuneyti hans. Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar allra að tryggja þau mannréttindi sem aðgengi að menntun er og efla starfsemi Fjölmenntar sem lið í því verkefni. Brýnt er að minna á mikilvægi þess að tryggja betur lagalegan grunn Fjölmenntar til framtíðar. Það verður sameiginlegt verkefni.

Undirrituð hefur setið í stjórn Fjölmenntar sl. 12 ár en vík úr stjórn á ársfundi nú í maí. Það hefur verið ómetanlegt að fá að taka þátt í starfi Fjölmenntar þennan tíma. Við höfum upplifað erfið tímabil þegar fjárhagsvandi og heimsfaraldur hefur gert starfsemina flókna. Það hefur hins vegar verið mun eftirminnilegra að hafa upplifað valdeflingu nemenda á ráðstefnum Fjölmenntar og á viðburðum eins og tónleikum Fjölmenntar þar sem nemendur stíga fram. Það er ómetanlegt að hafa fengið að upplifa þá gleði og mikilvægu tækifæri sem starfsemi Fjölmenntar hefur haft í för með sér fyrir nemendahópinn. Það er mikilvægt að standa vörð um starfsemina til framtíðar hvort sem hún verður með svipuðu sniði áfram eða tekur breytingum í takt við samfélagsbreytingar og nýjar námsleiðir.

Mig langar að færa nemendum Fjölmenntar, starfsfólki og stjórnendum hjartans þakkir fyrir samfylgdina undanfarni 12 ár. Það var gæfuspor fyrir mig að fá að kynnast og taka þátt í starfsemi Fjölmenntar þennan tíma. Ég óska Fjölmennt velfarnaðar í framtíðinni og hlakka til að fylgjast með enn frekari þróun og eflingu starfseminnar næstu árin.

Á vordögum 2025,

Gerður A. Árnadóttir formaður stjórnar

menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Inngangur

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar árið 2024. Skýrslan er í 5 köflum. Fyrsti kafli fjallar um starfsemina á höfuðborgarsvæðinu. Annar kafli er um samstarf Fjölmenntar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Vinnumálastofnunnar. Þriðji kafli fjallar um endurskoðun framhaldsfræðslulaga. Sá fjórði er um starfsemi ráðgjafardeildar Fjölmenntar og fimmti og síðasti kaflinn fjallar um samstarf við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Í fylgiskjöllum eru tölur um fjölda námskeiða, þátttakendur á námskeiðum, kennslustundafjölda og fleiri tölulegar upplýsingar.

STJÓRN FJÖLMENNTAR

Stjórn Fjölmenntar skipa:

- Gerður Aagot Árnadóttir, formaður, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Bjargey Una Hinriksdóttir, varaformaður, skipaður af ÖBÍ réttindasamtökum
- Hróbjartur Árnason, ritari, skipaður af Menntavísindasviði Háskóla Íslands
- Sveinbjörn B. Eggertsson, meðstjórnandi, skipaður af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Hrönn Stefánsdóttir, meðstjórnandi, skipuð af ÖBÍ réttindasamtökum

Varamenn:

- Haukur Hákon Stefánsson og Sigmundur Stefánsson, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Guðrún Barbara Tryggvadóttir og Sunna Elvíra Þorkelsdóttir, skipaðar af ÖBÍ réttindasamtökum

Stjórnarfundir á árinu 2024 voru 9 talsins. Ársfundur var haldinn 13. maí.

Um Fjölmenn

Fjölmenn, símenntunar- og þekkingarmiðstöð er sjálfseignastofnun og eigendur hennar eru Landssamtökin Þroskahjálpi og ÖBÍ réttindasamtök. Þessi félög tilnefna hvort um sig tvo fulltrúa í stjórn og einn fulltrúi er frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Hlutverk Fjölmennar er að sinna símenntun fatlaðs fólks, 20 ára og eldra sem þarfnast sérstaks stuðnings í námi. Er þar einkum litið til fólks með þroskahömlun, fólks á einhverfurófi og fólks með geðrænar áskoranir. Fjölmenn starfar samkvæmt þjónustusamningi við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og fjárveitingar til starfseminnar eru ákvarðaðar af Alþingi á fjárlögum. Fjölmenn hefur aðsetur í Vínlandsleið 14 í Reykjavík þar sem kennslan fer að mestu fram. Einnig er samið við aðrar stofnanir sem sinna námi fyrir fullorðin fólk. Fjölmenn sinnir ráðgjöf um allt land varðandi menntun fyrir fullorðin fatlað fólk. Þá eru gerðir samningar við símenntunarstöðvar um símenntun fatlaðs fólks á landsbyggðinni.

1. Starfsemin á höfuðborgarsvæðinu

Árinu er skipt í þrjú námskeiðstímabil: Námskeið á vorönn, sumarnámskeið og námskeið á haustönn. Að þessu var ákveðið að halda ekki jólanámskeið þar sem mæting á þau hefur því miður oft dottið niður þrátt fyrir skráningu. Annarnámskeiðin eru mislönng, frá því að vera 2-3 vikur í að ná yfir alla önnina. Sumar eru yfirleitt 1-2 skipti. Steinunn Guðný Ágústsdóttir verkefnastjóri sér um inntöku á námskeiðin og skipulagningu þeirra.

Báðar annir ársins hefjast með viku undirbúningi og samstarfi við heimili þátttakenda í upphafi námskeiða, í júní og ágúst er unnið að nýjum námskeiðum, nýsköpunar- og þróunarstarfi og að verkefnum sem varða starfsemina í heild.



Fjármál, styrkir og samstarfsverkefni

Árið 2024 var framlag til Fjölmenntar úr ríkissjóði 308.700.000 krónur. Námskeiðsgjöld ársins námu 12 milljónum sem er mjög sambærilegt við það sem var 2023.

Aðrar tekjur voru 12 milljónir sem eru tilkomnar vegna styrkja og samstarfsverkefna. Í árslok veittu ÖBÍ 9 milljóna styrk sem ekki var skilyrtur við verkefni og vegna vinnu við verkefnið *Færni á vinnumarkaði* fékk Fjölmennt 3 milljónir frá Fræðslusjóði atvinnulífsins.

Árið 2024 var einnig gerður samningur við Þroskahjálpmál til tveggja ára um að *Miðstöð um auðlesid mál* færi yfir til Fjölmenntar. Fjölmennt fékk 19 milljónir við þennan samning sem nýttast á árin 2024-2025.

Fjölmennt hefur undanfarin ár sótt um í náms- og styrkjasjóð Evrópusambandsins *Erasmus+*. Fjölmennt er með Erasmus aðild til ársins 2027 sem þýðir að einfalt er að sækja um styrki fyrir verkefnum og námsferðum. Vegna mikilla breytinga á starfsmannahópnum árið 2024 var lítið sótt um í sjóðinn, en stefnt er að því að gera átak í þeim efnum árið 2025.

Þróunar- og samstarfsverkefni hafa mikið gildi fyrir starfsemina. Það er bæði áskorun og tilbreyting fyrir starfsfólk Fjölmenntar að taka öðru hvoru þátt í tilraunaverkefnum og nýjungum sem varða markhóp Fjölmenntar.

Fjölmennt er aðili að hátíðinni *List án landamæra* og hefur átt fulltrúa í stjórn hennar frá upphafi.

Hefð er fyrir því að halda bæði vor- og jólatónleika þar sem þátttakendur á tónlistarnámskeiðum koma fram. Á vorönn voru haldnir tónleikar í bókasafninu í Úlfarsárdal og á haustönn voru haldnir jólatónleikar í Grafarvogskirkju. Þessir tónleikar heppnuðust mjög vel og voru vel sóttir.

Starfsfólk

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópi Fjölmenntar á árinu þar sem margir starfsmenn með mikla starfsreynslu létu af störfum. Ekki gekk að fylla í allar þær stöður á árinu og var því gripið til þess ráðs að fjölga verktökum töluvert á haustönninni.

Starfsfólk á vorönn 2024:

Forstöðumaður í 100 % starfshlutfalli
13 kennarar (2 af þeim í námsleyfi) með samtals 154,4 kennslustundir á viku
2 verktakar með samtals 46 kennslustundir yfir önnina
2 ráðgjafar í samtals 100% starfshlutfalli. Annar þeirra hætti 1. febrúar.
Verkefnastjóri í símenntunardeild í 100% starfshlutfalli
Starfsmaður með tölvuumsjón og önnur verkefni í 50% starfshlutfalli
Félagsliði í 100% starfshlutfalli
Starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 100% starfshlutfalli
Rekstrarstjóri í 50% starfshlutfalli
Fulltrúi á skrifstofu í 80% starfshlutfalli

Starfsfólk á haustönn 2024:

Forstöðumaður í 100 % starfshlutfalli
Fyrirverandi forstöðumaður í u.þ.b. 75% hlutfalli
9 kennarar með samtals 150 kennslustundir á viku
10 verktakar með samtals 527,5 kennslustundir yfir önnina
1 ráðgjafi í samtals 100% starfshlutfalli
1 starfsmaður hjá Miðstöð um auðlesið mál
Verkefnastjóri í símenntunardeild í 100% starfshlutfalli
Félagsliði í 100% starfshlutfalli
Starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 80% starfshlutfalli
Fulltrúi á skrifstofu í 80% starfshlutfalli
Samningur við bókhaldsfyrirtæki (starfsmaður mætti nokkrum sinnum á mánuði)

Starfstími

Vorönn

Námskeiðstímabil: 11. jan til 23. maí

Námskeiðsdagar: 82

Fjöldi námskeiða: 194

Kennslustundir samtals: 2.547

Þátttakendur: 379

Sumarnámskeið

Námskeiðstímabil: 31. maí til 5. júní

Fjöldi námskeiða: 36

Kennslustundir samtals: 111

Þátttakendur: 133

Haustönn

Námskeiðstímabil: 29. ágúst til 6. desember

Námskeiðsdagar: 82

Fjöldi námskeiða: 166

Kennslustundir samtals: 2.501

Þátttakendur: 402

Fræðsla starfsfólks

Í kjarasamningum kennara eru ætlaðir 10 dagar á ári til endurmenntunar. Starfandi er fræðslunefnd innan Fjölmenntar sem kannar þörf fyrir endurmenntun starfsfólks og er reglulega boðið upp á fræðslu sem þörf er á hverju sinni. Starfsfólk er einnig duglegt að miðla reynslu sín á milli og læra hvert af öðru.

Námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi

Framboð á námskeiðum er fjölbreytt og boðið upp á námskeið í eftirfarandi námskeiðsflokkum:

- Íþróttir, sund og dans
- Heimilisfræði
- Myndlist og handverk
- Tónlist og leiklist
- Upplifun, virkni og vellíðan
- Mál og samfélag
- Tölvu- og upplýsingatækni
- Sjálfstyrking og valdefling



menntun – valdefling – samstarf – sveigjanleiki

Kennslustaðir Fjölmenntar og samstarfsaðila á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2024 fór kennsla fram á eftirfarandi stöðum:

Vínlandsleið 14	Framvegis
Íþróttahús fatlaðra í Hátúni 6	Mímir
Sundlaug í Fjölbrautarskólanum í Ármúla	Jógasetrið
World Class í Egilshöll	Ökuskólinn í Mjódd
Borgarbókasafn í Spönginni	Glit
Laugardalur	Dansverkstæðið
Samfélagshúsið Bólstaðarhlíð	

Kynningarmál

Á heimasíðu Fjölmenntar eru upplýsingar um starfsemina og námskeiðin auglýst. Tölvupóstur er sendur til þeirra sem stundað hafa nám hjá Fjölmennt undanfarin ár og vakin athygli á námskeiðunum og minnt á umsóknarfrest. Fjölmennt heldur einnig út Facebook síðu og Instagram reikningi. Þar eru birtar fréttir og myndir af námskeiðum.

Á vorin eru kynningar fyrir útskriftarnemendur á starfsbrautum framhaldsskóla. Í flestum tilfellum fara ráðgjafar og verkefnastjóri námskeiða Fjölmenntar í skólana en færst hefur í vöxt að útskriftarnemar komi í heimsókn og fái kynningu í Fjölmennt.

Í lok námskeiða er þátttakanda/talsmanni boðið að meta námskeiðið, fara yfir hvað var gert á námskeiðinu og ræða yfirfærslu lærdóms á heimavettvang. Í þessum viðtölum er einnig leitað eftir tillögum að nýjum námskeiðum. Reynt er að verða við óskum eftir því sem kostur er.

Heimasíða Fjölmenntar er www.fjolmennt.is

2. Samstarf Fjölmenntar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Vinnumálastofnunar

Í september 2024 fór af stað ný námsleið við allar símenntunarstöðvar á landinu. Námsleiðin er afrakstur vinnu starfshóps Félags-og vinnumarkaðsráðuneytis um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk og var unnin í samstarfi Fjölmenntar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), Vinnumálastofnunar (VMST) og símenntunarmiðstöðva um allt land. Námsleiðin, sem ber heitið *Færni á vinnumarkaði*, miðar að því að efla færni fatlaðs fólks til atvinnuþátttöku á almennum vinnumarkaði.

Það sem gerir þetta nám sérstakt er að þetta er í fyrsta sinn sem nám fyrir fatlað fólk er skipulagt undir sömu formerkjum og aðrar vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Vinna við gerð námsleiðarinnar hófst með hæfnigreiningu þeirra starfa sem ákveðið var að bjóða upp á nám í og fór sú vinna fram hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og samkvæmt vottuðu ferli FA og tók Fjölmennt þátt í þeirri vinnu. Hæfnigreind voru 6 störf: starf við endurvinnslu, starf í vöruhúsi/ lager, starf við umönnun, starf í leikskóla, starf í verslun og starf við þrif og þjónustu. Að hæfnigreiningu lokinni var unnið að námskrá og námslýsingum fyrir störfin og námið skipulagt út frá þeirri vinnu.

Námsleiðin er samtals 180 klukkustundir, 70 stundir í fræðslu og 110 stundir á vinnustað og stendur námið yfir í þrjá mánuði. Nemar mæta tvisvar í viku í fræðslu á símenntunarstöð og þrisvar í viku í þjálfun á vinnustað. Unnið er út frá hæfniviðmiðum og þeir sem ná þeim fá fagbréf atvinnulífsins sem staðfestingu á hæfni í starfi og mun það auðvelda fólki að fá vinnu.

Þeir aðilar sem unnu að hönnun námsins komu að vinnunni hver með sína þekkingu. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sá um hæfnigreiningar, námskrárskrif og námslýsingar.

Fjölmennt sá um gerð fræðsluefnis og Vinnumálastofnun sá um samskipti við atvinnulífið um land allt. Það er einkar ánægjulegt að sjá að nú er orðið að veruleika nám sem búið er að staðsetja í sama kerfi og allra annarra sem vilja auka möguleika sína á vinnumarkaði með því að stunda nám við símenntunarstöðvar.

Óhætt er að segja að vel hafi til tekist. Nemar lýsa ánægju sinni með námið og hluti þeirra hefur nú þegar fengið starf. Námið verður áfram á boði á öllum símenntunarstöðvum og fjármagnað af Fræðslusjóði. Þetta er því stórt skref sem mun auðvelda fötluðu fólki að fá vinnu á almennum vinnumarkaði.

Ákveðið var að framlengja starf nefndarinnar og á hún að koma með fleiri tillögum að auknum námstækifærum fyrir fatlað fólk. Fjölmennt á áfram sæti í nefndinni sem mun skila tillögum nú á vordögum 2025.

3. Endurskoðun framhaldsfræðslulaga

Árið 2018 var stofnaður starfshópur á vegum Menntamálaráðuneytisins sem hafði það hlutverk að endurskoða lög um framhaldsfræðslu. Skoða átti kerfið í heild og þar með talið nám fyrir fatlað fólk. Forstöðumaður Fjölmenntar átti sæti í vinnuhópi sem hafði það hlutverk að að skoða og móta tillögur um framhaldsfræðslu fyrir fólk með þroskahömlun og fólk á einhverfurófi. Þessari vinnu var aldrei lokið og lagðist hún af ári seinna.

Árið 2021 fluttist málaflokkur framhaldsfræðslu til Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og í kjölfarið var aftur hafist handa við endurskoðun laganna. Árin 2022 til 2024 var starfandi starfshópur þar sem forstöðumaður Fjölmenntar átti sæti ásamt fjölmörgum öðrum er málið varðar. Vinna hópsins einkenndist af áherslu á inngildandi nám fyrir öll sem falla undir lögin. Stefnt var að því að ljúka vinnu við Grænbók vorið 2024 og var vinnu við hana að mestu lokið. Síðustu mánuði hefur starf nefndarinnar legið niðri og Grænbók ekki verið birt.

Fjölmennt hefur ekki aðgang að Fræðslusjóði eins og aðrar símenntunarstöðvar. Rökin fyrir því eru að Fjölmennt sé með þjónustusamning við ríkið og starfsemin fjármögnuð á þann hátt. Undanfarin ár hafa þó orðið þær breytingar að símenntunarstöðvar geta sótt um í Fræðslusjóð fyrir *Smiðju* og námið *Færni á vinnumarkaði*. Það er jákvæð þróun sem símenntunarstöðvar ættu í auknum mæli að nota sér.

Eins og áður segir var mikil áhersla á inngildingu í vinnu nefndarinnar um breytingar á framhaldsfræðslulögunum. Ef þær tillögur verða að veruleika þýða þær jákvæðar breytingar á möguleikum fatlaðs fólks til símenntunar. Það gæti jafnframt haft í för með sér breytingar á starfsemi Fjölmenntar og námið mundi í auknum mæli flytjast til þeirra sem bjóða símenntun fyrir fullorðið fólk. Við slíkar breytingar verður að vanda vel til verka og tryggja að sú sérþekking sem til er í Fjölmennt glatist ekki og standa þarf vörð um þá sem mestan stuðning þurfa í námi.

4. Starfsemi ráðgjafardeildar

Helle Kristensen gegndi starfi ráðgjafa í 50% starfshlutfalli á vorönn og í 100% starfshlutfalli á haustönn. Verkefni ráðgjafadeildar voru því eðlilega umfangsmeiri á haustönn en á vorönn. Verkefnin fólust fyrst og fremst í skilgreindum störfum ráðgjafardeildar: Ráðgjöf til einstaklinga og talsmanna þeirra, bæði innan og utan Fjölmenntar, sem eru að leita sér að námi á sviði framhaldsfræðslu; ráðgjöf til kennara á námskeiðum Fjölmenntar; ráðgjöf og fræðsla til talsmanna eða starfsfólks í búsetuþjónustu þátttakenda með það markmið að auka yfirfærslu náms; og ráðgjöf til skipuleggjenda og/eða kennara náms hjá öðrum framhaldsfræðsluaðilum. Þar fyrir utan voru þónokkur verkefni sem ýmist eru orðin fastur hluti af starfi ráðgjafardeildar eða gætu þróast í það: Kynningar á starfsemi Fjölmenntar fyrir ýmsa gesti og hópa, þar á meðal útskriftarnemendur af starfs- og sérnámsbrautum framhaldsskólanna; seta í fræðslunefnd og þátttaka í skipulagningu fræðsludagskrár fyrir starfsmannahópinn; og aðstoð við inntöku á námskeið. Síðast en ekki síst komu til ýmis tilfallandi verkefni s.s. fræðsluerindi tengd öðru en yfirfærslu náms þátttakenda; miðlun efnis á heimasíðu Fjölmenntar; og ýmsir fundir og heimsóknir sem miða að tengslamyndun og styðja þar með við nám fyrir markhóp Fjölmenntar á einn eða annan hátt.

5. Samstarf við símenntunarstöðvar

Fjölmennt gerir samstarfssamninga við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni tvisvar á ári. Eftir hverja önn skila þær skýrslu um námskeið annarinnar og nýtingu fjármagns ásamt tölulegum upplýsingum sem sjá má hér aftast í skýrslunni.

Austurbrú á Egilsstöðum

Haldin voru námskeið á Egilsstöðum og Neskaupsstað

Námskeið sem haldin voru: Crossfit, Matreiðsla, Smíði, Útivist, Snjalltæki

Farskólinn, Sauðárkróki

Haldin voru námskeið á Sauðárkróki

Námskeið sem haldin voru: Matreiðsla/heimshornaflakk, Eldað með Airfryrer,

Matreiðsla/heimilismatur, Hreyfing í Þreksport, Jólanámkeið/Kertagerð,

Jólanámskeið/Glermálun og Jólanámskeið/Hnýting

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Haldin voru námskeið á Ísafirði

Námskeið sem haldin voru: Páskaföndur, Matreiðsla og heimilisstörf, Hreyfing og heilsa, Söngur og tónlist, Listasmiðja, Jólalögin, Tónlist

Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi

Haldin voru námskeið á Selfossi

Námskeið sem haldin voru: Eldfjöll Íslands, Heilbrigður lífstíll, Hollur og góður heimilismatur, Hvað eru fordómar og einelti, Ipad og myndvinnsla, Lærðu um réttindi þín, Myndlist, Skynjun, virkni og vellíðan, Textílhönnun, Tjáning, skynjun og hreyfing með tónlist, Jóga og Jóga Nidra

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Haldin voru námskeið í Reykjanesbæ

Námskeið sem haldin voru: Reiðnámskeið, Matreiðsla, Sönghópurinn Gimsteinar, Enska, Listasmiðja

Símenntunarstöð Eyjafjarðar

Haldin voru námskeið á Akureyri

Námskeið sem haldin voru: Hollur og góður heimilismatur, Hagnýtt heimilishald, Dans, Spjaldtölva, Myndlistarsmiðja, Myndlist og smíðar, Tónlist og tjáning, Vellíðan í vatni

Símenntun á Vesturlandi

Haldin voru námskeið á Akranesi, Fellsenda í Dalabyggð, Borgarnesi, Stykkishólmi, Ólafsvík

Námskeið sem haldin voru: Tónlist og tal, Sund, Tónlist, Dans, Íþróttir, Íþróttir Golf og píla, Sjálfsstyrking, Matreiðsla, Hestanámskeið, Sumarnámskeið, Sveitanámskeið, Kynfræðsla, Handverksnámskeið.

Viska, Vestmannaeyjum

Haldin voru námskeið í Vestmannaeyjum.

Á vorönn 2024 fór af stað Smiðja 1.1 fyrir fullorðið fólk með fötlun. Námsleiðin er listasmiðja sem ber nafnið *Að vera og gera*. Námskráin er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og er vottuð af Menntamálastofnun hönnuð af Visku.

Þessi námsleið fór af stað 11. mars í Vestmannaeyjum og var í gangi út árið 2024.

Námsleiðin er 130 klst með leiðbeinanda og stuðningi við þátttakendur.

Þekkingarnet Þingeyinga, Húsavík

Haldin voru námskeið á Húsavík

Námskeið sem haldin voru: Fyrirlestur um mataræði fyrir sykursjúka, Spænskur matur og menning, Hekl, Fyrirlestur um hunda, Jólaföndurnámskeið, Ungverskar smákökur, Eldað í air-fryer

Það hefur lengi legið fyrir að endurskoða þarf úthlutum Fjölmenntar á fjármagni til símenntunarstöðva á landsbyggðinni. Óánægju hefur gætt meðal forstöðumanna stöðvanna um skiptingu fjármagns milli stöðva og stjórn Fjölmenntar hefur lengi kallað eftir reglum um úthlutun. Verði Fjölmennt falið þetta hlutverk áfram verður að setja skýrar úthlutunarreglur og betri skilgreiningu á markhópnum. Forstöðumaður hefur verið þeirrar skoðunar að framlög til símenntunar fatlaðs fólks eigi að skipuleggja með sama hætti og aðra símenntun á svæðunum. Það skipulag væri í takt við inngildingu og þá hugmyndafræði sem unnið hefur verið eftir við endurskoðun framhaldsfræðslulaganna.

Lokaorð

Árið 2024 var ár töluverðra breytinga hjá Fjölmennt, ekki síst í starfsmannahópnum. Á árinu lét nokkur fjöldi starfsmanna af störfum, margir hverjir sem hafa unnið hjá Fjölmennt frá stofnun og hafa mjög mikla reynslu. Mikil eftirsjá er af þeim, en einnig mikil tilhlökkun að fá til okkar nýja starfsmenn sem hafa fallið mjög vel inn í hópinn. Við höfum þá verið svo heppin að fyrrverandi starfsmenn hafa verið mjög tilbúnir að aðstoða okkur og sýnir það hversu heppin við höfum verið með starfsfólk og hvað fólki hefur þótt vænt um vinnustaðinn sinn og nemendur sína. Þetta er ekki sjálfsagt og þökkum við öllum fyrrverandi starfsmönnum fyrir samstarfið og óskum þeim velfarnaðar í þeim verkum sem þeir taka sér fyrir hendur.

Helga Gísladóttir lét þá af störfum sem forstöðumaður Fjölmenntar á árinu. Undirritaður tekur við mjög góðu búi af henni, og hefur verið svo heppinn að fá að njóta aðstoðar hennar og liðsinnis við hin ýmsu verkefni. Það er greinilegt að undir hennar stjórn hefur Fjölmennt öðlast góðan orðstír og mikla virðingu meðal þeirra sem til þekkja. Það hefur verið ómetanlegt að læra af henni og njóta reynslu hennar og eru henni veittar sérstakar þakkir fyrir hennar störf í gegnum árin.

Eitt af stærstu verkefnum Fjölmenntar á árinu var samstarfsverkefni Fjölmenntar, Fræðslusjóðs atvinnulífsins og Vinnumálastofnunnar. Því eru gerð góð skil hér að framan. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi þessa náms og er von okkar að framhald verði á þessu verkefni og það þróað áfram svo það megi verða fleirum til hagsbóta.

Það voru nokkur vonbrigði að starfshópur um endurskoðun framhaldsfræðslulaga skyldi hafa lagður niður nú eftir áramót. Löngu er orðið tímabært að endurskoða þessi lög og vonandi verður þessi vinna tekin upp aftur fljótt, svo að sú vinna sem þegar hefur verið unnin fari ekki til spillis.

Undirritaður hlakkar mikið til komandi tíma hjá Fjölmennt. Fram undan eru vonandi spennandi tímar þar sem við getum vonandi aukið við framboð og kennslu, auk þess sem við vonumst til að komast við samstarf við aðrar kennslustofnanir þar sem við getum unnið saman að því að auka námsmöguleika allra.

Reykjavík, 2. maí 2025

Oddbergur Eiríksson, forstöðumaður Fjölmenntar

Tölulegar upplýsingar vorönn 2024

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námskeið	Fjöldi á öllum námskeiðum	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	8	129	25	9
Farskólinn- símenntun á Norðurl. vestra	1	24	5	5
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	5	77	31	12
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi*	18	287	66	66
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	4	96	26	14
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	10	94	106	55
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	12	192	22	22
Viska Vestmannaeyjum	1 (smiðja)	65	13	13
Þekkingarnet Þingeyinga	4	19	32	16
Fjölmennt - höfuðborgarsvæði	154	2547	379	379
Sumarnámskeið - höfuðborgarsvæði	36	111	133	133

253

3.641

838

724

*Vegna veikinda var ekki unnt að fá nákvæmar tölur frá Fræðslunetinu.

Tölulegar upplýsingar haustönn 2024

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námskeið	Fjöldi á öllum námskeiðum	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	6	75	17	9
Farskólinn- símenntun á Norðurl. vestra	6	62	18	12
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	5	64	25	10
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	16	266	52	52
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	4	96	23	12
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	12	125	100	61
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	21	340	32	26
Viska Vestmannaeyjum	1 (smiðja)	65	13	13
Þekkingarnet Þingeyinga	3	15	14	8
Fjölmennt - höfuðborgarsvæði	166	2.501	402	402

240	3.609	696	605
-----	-------	-----	-----